



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

### **Úttekt um kynþátta- og menningarfordóma innan Reykjavíkurborgar – Staða verkefnis**

Á fyrsta fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 30. júní 2022, var samþykkt meðfylgjandi tillaga um að framkvæma úttekt á kynþáttafordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar. Tillagan er í samræmi við aðgerð nr. 40 í Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022 - 2024, að sporna gegn kynþáttafordómum og vinna að viðhorfsbreytingu. Ákveðið var að framkvæmd úttektar yrði útfærð nánar í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Í framhaldi var samþykkt útfærsla á tillögunni ásamt kostnaðarmati, á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 11. maí 2023.

Útfærslan var unnin af Semu Erlu Serdaroglu og er tvíþætt, annarsvegar rafræn könnun meðal starfsfólks á kynþátta- og menningarfordómum innan Reykjavíkurborgar og eigindleg viðtalsrannsókn á meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins hefur tafist og þá einkum út frá breyttum forsendum við framkvæmd könnunar vegna persónuverndarsjónarmiða.

Framkvæmd könnunar tefst því þar til í janúar og verklok verkefnis áætluð um mitt ár 2024.

Virðingarfyllst,  
Anna Kristinsdóttir  
Miðlæg stjórnsýsla  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Tillaga

***Tillaga um úttekt á kynþáttafordómum innan Reykjavíkurborgar***

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð leggur til að framkvæmd verði úttekt á kynþáttafordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar. Tillagan er í samræmi við aðgerð nr. 40 í Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024, að sporna gegn kynþáttafordómum og vinna að viðhorfsbreytingu. Framkvæmd úttektar skal ákveðin og útfærð nánar í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og æskilegt að henni verði lokið eigi síðar en í árslok 2022.